



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnmálaráðuneyti

Reykjavík 16. febrúar 2022

Efni: Skólaráð framhaldsskóla og reglugerðarheimild

Samkvæmt 7. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, skulu skólar starfrækja skólaráð, sem skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skal skólaráð, auk skólameistara, vera skipað staðgengli hans sem og fulltrúum kennara og nemanda. Fram kemur í sömu grein að heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan, skólaráðs, verksvið þess og starfshætti.

Samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla er markmið skólanna m.a. að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og þar kemur einnig fram að skólastarfið miðar að virkri þátttöku nemenda í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan. Þá kemur enn fremur fram í aðalnámsskrá að starfshættir skólanna skulu mótast af m.a. lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna er starf skólaráða framhaldsskóla með afar mismunandi hætti og nemendur hafa misjafna aðkomu og mismikið vægi. Umboðsmanni barna hafa borist athugasemdir um að þörf sé á frekari leiðbeiningum um starfsemi skólaráða. Þar sem 14 ár eru liðin frá gildistöku laga um framhaldsskóla er að mati umboðsmanns barna löngu tímabært að ráðuneytið nýti áður nefnda reglugerðarheimild til þess að festa skólaráð framhaldsskólanna betur í sessi og til að tryggja aðkomu og áhrif nemenda sem og lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfi. Þá er mikilvægt að við vinnslu slíkrar reglugerðar sé haft virkt samráð við ungmenni í framhaldsskólum um allt land. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, eiga börn rétt á þátttöku í öllum málum sem þau varðar.

Samkvæmt 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Umboðsmaður barna óskar því eftir upplýsingum ráðuneytisins um það, hvort til standi að nýta umrædda reglugerðarheimild til að skýra hvernig starfsemi skólaráða framhaldsskóla skuli háttað.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna